

## L Ö G

1

5. jan.

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri, til kaupa á vélbátum, enda nemi lánið eigi meiru en  $\frac{4}{5}$  af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Stokkseyrarhrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 5. janúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*